

Sveitarfélagið Ölfus

b.t. Sigurður Steinar Ásgeirsson, í umboði fyrir Sveitarfélagið Ölfus

Sent í skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Mál nr.1061/2023

Reykjavík, 10.nóv 2024

Efni: Mölunarverksmiðja og höfn við Keflavík

Landvernd hefur áður sent frá sér athugasemdir um áformaða mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn sem bíður íbúakosningar innan sveitarfélagsins Ölfus, vegna andstöðu íbúa. Hér er athugasemd Landverndar við matsáætlun við mölunarverksmiðju sem enn á við um flesta þætti verkefnisins. https://landvernd.is/wp-content/uploads/2024/09/Molunarverksmidja-THorlakshofn_LOKA25april-2023.pdf Þá liggja fyrir aðrar umsagnir frá Landvernd um tengdar áætlanir Heidelberg horft er til heildaráhrifa. Þar hefur Landvernd skilað umsögnum sbr. um stórtækan námugróft af hafsbotni sem sömuleiðis hefur verið mótmælt af öðrum hagsmunadílum og af nágrönnum mölunarverksmiðjunnar sjálfar. Litið er til mögulegrar eyðileggingar á uppeldisstöðvum og búsvæðum ýmissa fisktegunda og sjávarlífvera auk annarra neikvæðra umhverfisþátta. https://landvernd.is/wp-content/uploads/2024/09/Matsaaetlun-efnistaka-Landeyjarhofn_LOKA_3feb2023.pdf Í þriðja lagi liggur fyrir að Landvernd hefur sent inn umsögn um verkefni sem er einnig á forræði Heidelberg og mun hafa fjölbreytileg neikvæð umferðar- og umhverfisáhrif í för með sér https://landvernd.is/wp-content/uploads/2024/09/umsogn-Landverndar-um-efnistoku-Litla-Sandfell_LOKA3okt2022.pdf

Í þeirri kynningu sem nú liggur fyrir á skipulagsgátt hefur auk Mölunarverksmiðjunnar nú bæst við lýsing á miklu hafnarmannvirki sem getur haft verulega neikvæð og ófyrirséð umhverfisáhrif og ófyrirséð vegna skorts á rannsóknum, lífríki, straumum og fl.

Upplýsingar um málið

Fram kemur í "Upplýsingum um málið" á vefsíðu Skipulagsgáttar að um sé að ræða **Skipulagslýsingu**, engu að síður er **lýsingu** lokið á skipulagsgátt, einnig **kynningu á vinnslustigi** sem og **athugun fyrir auglýsingu lokið**. Við alla þessa liði hefur verið hakað **ferli lokið** á Skipulagsgátt. Næsta stig skipulagsferils sem málið er statt núna er því eins og skipulagsgáttin ber með sér "**Auglýsing tillögu**" opið fyrir athugasemdir, Mölunarverksmiðja og höfn við Keflavík. Ekki verður annað séð en að um sé að ræða hvoru tveggja framlagða lýsingu og svo tillögu að breytingu á skipulagi sem er viðameiri og stærri stjórnsýsluákvörðun á skipulagsstigi. Landvernd óskar eftir formlegri afstöðu frá Skipulagsstofnun og skipulagssviði Ölfus hvort farvegur þessa verkefnis í heild eða hluta sem fylgt hefur verið eftir gegn um skipulagsgátt standist skoðun.

Verndarsvæði

Framkvæmdasvæðið stendur á nútímahrauni og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þar segir "að ríkir samfélagslegir hagsmunir þurfi að liggja til grundvallar ef raska á nútímahraunum." Ekki verður séð að fyrirhugaðar framkvæmdir kalli á brýna samfélagslega hagsmuni sem réttlæta rask á þeim nútímahraunum sem áætlanir eru um að raska. Af lestri umhverfismatskýrslu liggur fyrir að engin virðing er borin fyrir nútímahrauni sem ætlun er að raska og ekki sýnt fram á brýna samfélagslega hagsmuni.

Verkefnið sem loftslagsaðgerð

Landvernd leggur á það áherslu sem fyrr að mikilvægasta aðgerðin til að draga úr losun frá steinsteypu í byggingariðnaði í dag er að endurnýta og síðan hanna nýbyggingar með efnum sem valda sem minnstri losun. Mikilvægt er sömuleiðis endurnýta byggingar og byggingarefni á ábyrgan hátt í stað þess að rífa þær til grunna með mikilli losun. Hér á landi er þess konar iðja vel þekkt og mætti nefna margar stórbyggingar til í þeim efnum sem hafa verið jafnaðar við jörðu með miklum neikvæðum loftslagsáhrifum, auk förgunar í jörðu sem tekur ekki endalaust við. Í dag á sér hinsvegar stað mikil þróun og rannsóknir í byggingariðnaði og má þar meðal annars sjá íslenskt metnaðarfullt verkefni sem fengið hefur nýverið sérstök verðlaun norðurlandaráðs

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/kastljof/35422/ahpu2n/arnhildur-palmaidottir-og-nordurlandaradsverdlaunin> og hér einnig

https://www.mbl.is/folk/frettir/2024/10/22/arnhildur_hlytur_umhverfisverdlaun_nordurlandarads/

Þá má benda á þverfaglegt alþjóðlegt teymi sem að vinnur ötullega að rannsóknum og lausnum meðal annars hvað varðar áskorun til að draga úr losun frá byggingariðnaði

<https://reductionroadmap.dk/beyond-the-roadmap> og nánar hér

https://drive.google.com/drive/folders/1r7UHbQpNMh3ZiiHKM3-IYzicYN6NSje9?_x_tr_hist=true

Það að í umhverfismatskýrslu Heidelberg komi fram upplýsingar um að móberg geti dregið úr losun sem íblöndunarefni í sement er að mati Landverndar stórlega ofmetið af hálfu fyrirtækisins ekki síst vegna mjög svo neikvæðra jaðaráhrifa við vinnslu. Aðgerðin mætir því ekki þeim gríðarlegu áskorunum sem eru uppi í loftslagsmálum og rökstuðningur með aðferðarfræði Heidelberg með gríðarlegum námugreftri og flutningi innan lands og frá Íslandi á erlendan markað stenst því enga skoðun. Að viðbættum framkvæmdum og flutningum bæði á sjó og landi með tilheyrandi CO2 losun er ljóst að fyrirtækinu hefur ekki tekist í útreikningum sínum að varpa ljósi á ávinninginn að teknu tilliti til neikvæðra jaðaráhrifa. Betra væri að fyrirtækið einbeitti sér að slíkri tilraunavinnslu og rannsóknarstarfi í samstarfi við byggingariðnað hér innanlands.

Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum

Stjórn Landverndar telur að Skipulagsstofnun þurfi að yfirfara útreikninga í umhverfismatskýrslu um alhæfingar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda af þessu verkefni. Í svo stóru verkefni verði að vega saman heildarmat á umhverfisáhrifum allra framkvæmdaþátta. Að meta meðal annars áhrif af byggingu Mölunarverksmiðjunnar sjálfar fyrst og svo á seinni stigum hafnarmannvirkja er eitt og sér umhugsunarvert og síðast en ekki síst samlegðaráhrif vegna áformaðrar efnistöku frá Litla Sandfelli sem og áætlaðri efnistöku af hafsbotni utan Landeyjarhafnar. Það að vega og meta hverja þessa framkvæmd um sama verkefnið hvert í sínu lagi er óeðlileg nálgun á svo gríðarlega stórt verkefni. Sá bútasumur dregur með athygli umsagnarðila frá heildarumfangi framkvæmda við verkefnið og þar með frá þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem stórfamkvæmdin felur í sér.

Í meðfylgjandi umhverfismatskýrslu ber verkefnið heitið Mölunarverksmiðja við Þorlákshöfn des.2023 en heiti auglýsingar í inngangi að tillögu á skipulagsgátt ber verkefnið hinsvegar heitið Mölunarverksmiðja og höfn við Keflavík. Umhverfismatið virðist því byggt á bútasami og ólíkum skipulagsstigum þvælt saman í sömu auglýsingu. Landvernd lítur svo á að þessi framsetning fái á ekki staðist skoðun. Í niðurlagi texta við greiningu á vegnum umhverfisþáttum segir eftirfarandi.

Óveruleg áhrif verða á lífríki, umferð, loftgæði og hljóðvist.

Umhverfisþættir	Ásýnd	Jarðmyndanir og sjávarbotn	Lífriki í sjó og fjöru	Samfélag	Fornleifar	Vatnafar	Loftslag
Umhverfisáhrif							
Verulega jákvæð							Loftslag
Talsvert jákvæð				Samfélag			
Nokkuð jákvæð							
Överuleg			Lífriki í sjó og fjöru	Umferð, loftgæði og hljóðvist	Fornleifar	Vatnstaka HPM ein og sér	
Nokkuð neikvæð				Ferðapjónusta og útivist		Samlegðaráhrif vatnstöku	
Talsvert neikvæð	Ásýnd	Jarðmyndanir og sjávarbotn					
Verulega neikvæð							
Engin áhrif							

Í ljósi umhverfisþátta sem hér hafa verið metnir sjá klippu úr meðfylgjandi umhverfismatskýrslu má velta fyrir sér trúverðugleika vinnu við umhverfismatið. Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar sveitarfélagsins Ölfus þann 10.júlí 2024 samþykkti nefndin að kalla tafarlaust eftir ítarlegum svörum frá Heidelberg um einstaka en veigamikla umhverfisþætti og komu þessi viðbrögð til vegna fyrirsparna frá fyrirtækinu First Water sem er í nálægð fyrirhugaðrar starfsemi Heidelberg. Spurningarnar fyrirtækisins vegna áformaðrar verksmiðju vörðuðu meðal annars mat á veigamiklum umhverfisþáttum sem ætla mætti að hafi átt að taka fyrir í fyrirliggjandi umhverfismatskýrslu. Spurningarnar sem fyrirtækið óskaði eftir að fá svör við hefði átt að svara í umhverfismatskýrslu fyrirtækisins en þær vörðuðu meðal annars hávaða vegna flutninga, titringi, rykmengunar og mengunarslysa vegna hafnargerðar, sjá nánar

<https://www.olfus.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/display?id=s9haU0cszUS8Jcbs9JIX2g1>.

Stjórnsýslan / skipulagsklúður / íbúakosningar

Í ljósi afgreiðslu í fundargerð sveitarfélagsins Ölfus þann 10.júlí vekur furðu að fulltrúar sveitarfélagsins hafi ákveðið að halda áfram með skipulagsferli málsins og verkefnið og láta birta til auglýsingar á skipulagsgátt þann 15.október, auglýsing tillögu til athugasemda ásamt umhverfismatskýrslu og nýjum uppdætti af áformuðum hafnarmannvirkjum. Landvernd gerir athugasemdi við að meðan unnið er að sérstakri úttekt DNV ráðgjafastofu á stórum álitamálum sem að First Water kallað iefitir og sveitarfélagið stöðvaði íbúakosningu vegna, að þá hafi verið ákveðið að halda verkefninu áfram og án þess að bíða eftir niðurstöðu DNV á álitamálum. Ekki er annað hægt að meta af þessum vinnubrögðum en að bæði Heidelberg og sveitarfélagið hafi komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að ráðgjafafyrirtækið myndi einfaldlega lúta vilja þeirra sem vilja verkefninu framgang á grunni ótrúverðugar umhverfismatskýrslu sem liggur hér fyrir.

Til að opinbera enn frekar hin gagnrýniverð vinnubrögð hefur sveitarfélagið kallað eftir að ráðgjafafyrirtækið DNV hraði vinnu sinni og komast að niðurstöðu hið fyrsta um álitamál sem vitnað er til og eru ekki smá í sniðum sé tekið tillit til athugasemda frá First Water og niðurstöðu skipulags- og umhverfisnefndar Ölfus sem staðfest var í sveitarstjórn. Þessi hraði er auðsjáanlega tilkominn vegna þrýstings frá meirihluta bæjarfulltrúa að flýta íbúakosningum um málið sem hafði áður verið frestað þegar sýnt þótti að Heidelberg og meirihluti sveitarstjórnar myndi tapa í þeim kosningum. Það að reyna að breiða yfir þann vanda sem stjórnsýslan hefur kallað yfir sig og vinna slíka skýrslu með hraði er ekki til þess fallið að styrkja málstað sveitarfélagsins Ölfus gagnvart samfélaginu eða fyrirtækinu First Water.

Vinnubrögð Heidelberg

Landvernd telur að draga megi þá ályktun að undirbúningur að þessu verkefni Heidelberg og talsmanna þeirra hér á landi standis ekki skoðun og margt hafi farið úrskaiðis. Af mjög mörgum greinum sem birtar hafa verið um málið í fjölmiðlum lætur Landvernd þessar duga frá ólíkum fjölmiðlum og varpa þær ljósi á skýra annmarka við undirbúning verkefnisins. .

- o <https://heimildin.is/grein/21981/heidelberg-reyndi-ad-beit-hafro-thrystingi-fyrir-opin-ibuafund-i->

[olfusi/](#)

- https://heimildin.is/grein/21972/hafro-fordaemalausa-framkvaemd-heidelberg-i-olfusi/?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR1krmHkQULNSjbtcpd0QI1aakXJTTauNtMWn2dJt2y40y4TweP60g81fSA_aem_U4vr2qN8v7lvwtxoU0a6rw
- <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-11-05-eg-hef-mjog-miklar-ahyggjur-af-thessum-knappa-tima-426579>
- <https://vb.is/frettir/itrika-andstodu-sina-vid-molunarverksmidju-heidelberg/>

Lokaorð

Það er eindregin von Landverndar að bæði sveitarfélagið Ölfus sem og Skipulagsstofnun hafni alfarið öllum þeim áformum sem fyrirtækið Heidelberg og fulltrúar þeirra hafa uppi. Málið hefur nú þegar fengið svo neikvæða umfjöllun og ásýnd að sveitarfélagið hljóti einfaldlega á grunni heilbrigðrar skynsemi að taka sjálfstæða ákvörðun um það að draga þau skipulagsáform til baka sem sett hafa verið í auglýsingu vegna þessa verkefnis og það óháð niðurstöðu íbúakosningar. Brotalamirnar eru slíkar við allan undirbúning og samráð vegna þessa verkefnis og umhverfisáhrifin slík að bæjarstjórn Ölfus ætti einfaldlega frumkvæði í því að taka þetta verkefni af dagskrá ekki síðar en strax.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Björg Eva Erlensdóttir, framkvæmdastjóri